

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. maí 2022 vegna erindis íbúaráðs Kjalarness um lóðamál í Grundarhverfi.

MSS22020140

Það tilkynnist hér með að neðangreint erindi var lagt fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 4. maí 2022:

Erindi íbúaráðs Kjalarness um lóðamál í Grundarhverfi, umsögn - MSS22020140

Mál nr. US220049

Lagt fram bréf íbúaráðs Kjalarness, dags. 15. janúar 2022 um erindi íbúaráðsins, dags. 3. febrúar 2022, til skipulags- og samgönguráðs um lóðamál í Grundarhverfi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks taka undir með íbúaráði Kjalarness að úthluta eigi lóðunum tafarlaust. Eftirspurn hefur verið eftir lóðum til uppbyggingar á Kjalarnesi í langan tíma án þess að borgin hafi brugðist við og úthlutað sínum eigin lóðum þar. Mikilvægt er að styrkja byggðina á Kjalarnesi þar sem mikil nemendafækkun hefur verið í Klébergsskóla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða tvær lóðir á Kjalarnesi sem grunur var um að leyndust fornleifar. Nú hefur svæðið, verið tekið út og skv. því falla þessar 2 lóðir ekki undir friðhelgi fornleifa. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sjálfsagt að drífa í að selja þessar lóðir enda er vöntun á húsnæði á Kjalarnesi líkt og annars staðar í borginni. Það munar um allt nú þegar húsnæðisskortur er í hæstu hæðum í Reykjavík.

Sigurjóna Guðnadóttir

Sérfræðingur, skrifstofu stjórnslu og gæða

Sími/Tel.: +354 411 8521 / 411 1111

sigurjona.gudnadottir@reykjavik.is